

Nd.

45. Frumvarp til laga

[42. mál]

um brúagjald af benzíni.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Greiða skal af benzíni sérstakt innflutningsgjald, er nefnist brúagjald, 5 aura af hverjum lítra, og tekur gjald þetta einnig til benzínbirgða innflytjenda, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, og sömuleiðis til birgða einstakra manna eða félaga, en undanþegnir gjaldinu skulu þó vera 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

2. gr.

Brúagjald samkv. 1. gr. rennur í brúasjóð samkv. 8. gr. laga nr. 68 1949, og skal því varið til að endurbyggja stórbýr, sem eru orðnar svo ótraustar, að slyshætta getur af stafað að dómi vegamálastjórnarinnar.

3. gr.

Fyrstu tekjum brúasjóðs af brúagjaldi samkv. þessum lögum skal varið til endurbyggingar Jökulsárbrúar í Öxarfirði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.
Norður- og Austurlands fóru um Reykjaheiði.

Greinargerð.

Hengibrúin á Jökulsá í Öxarfirði er nú hálfra aldar gömul, byggð árið 1904. Hún er því jafnaldra innlendrar stjórnar á Íslandi. Þegar í upphafi var brúin mjög óstöðug, þegar um hana var farið, og sýnist ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir, að umferðin hafi af þeim sökum reynt meira á hana en ella hefði verið. Þegar þessi brú var byggð, voru bifreiðar ekki komnar í notkun hér á landi, enda naumast um vegi að ræða, er akfærir væru bifreiðum, í þann tíð. Sú umferð, sem gert var ráð fyrir, er gerð og styrkleiki brúarinnar var ákveðinn, var því fyrst og fremst umferð gangandi manna eða ríðandi, klyfjahesta og hestvagna. En nú hafa um 25 ára skeið bifreiðar farið um brúna, og var sú umferð mjög mikil, meðan áætlunarbifreiðar milli

Eftir að gamla Ölfusárbrúin hrundi (1944) eða jafnvel fyrr, voru gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að bifreiðar færu um Jökulsárbrú með þungfermi. Þrátt fyrir það er sú hætta alltaf yfirvofandi, að brúin bili skyndilega eins og Ölfusárbrúin, en þeir, sem þá væru á henni staddir, mundu vart kunna frá tíðindum að segja, því að áin er vatnsmikil og straumhörð á þessum slóðum. — Kostnaður við endurbyggingu mun áætlaður um 2½ millj. kr.

Það er m. a. til marks um núverandi ástand Jökulsárbrúar og hve veikbyggð hún er, að undirlag hennar svignar undir þungum bifreiðum, jafnvel þótt tómar séu, en brúin og handrið hennar ganga svo til, einkum í hvassviðrum, að dæmi eru til, að bifreiðar hafi stöðvazt á brúnni af þeim sökum, jafnvel svo að klukkustundum skiptir, og þurft að sæta lagi til að mjaka sér áfram yfir brúna. Og ekki þarf nema umferð gangandi manna til að valda titringi á brúnni.

Þótt hér hafi aðeins verið rætt um Jökulsárbrú í Öxarfirði og af henni stafi án efa mest slyshætta eins og nú standa sakir, eru þó fleiri gamlar stórbýr hér á landi orðnar mjög ótraustar, og þarf að endurbyggja þær áður en langt liður. Má þar t. d. nefna brúna á Lagarfjóti.

Rétt er að vekja athygli á því, að slyshættan af Jökulsárbrú og öðrum, sem ótraustar kunna að vera, er ekkert sérmál þeirra byggðarlaga, sem þar eru næst. Fjöldi fólks og bifreiða víðs vegar að af landinu á leið um þessa staði, einkum á sumrum. Þess er því að vænta, að allir þeir, er bifreiðar eiga og nota eða slíkum samgöngutækjum stjórna, geti orðið einhuga um, að ekki hlýði að standa gegn því, að lagt sé lítills háttar aukagjlda á bifreiðabenzín til að koma í veg fyrir óhöpp, sem flestum mundu verða minnisstæð, ef illa tækist til, áður en hér verður bót á ráðin.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi.